

Yfirlit hreindýraveiðitímabilsins 2006

Heildartekjur af veiðileyfasölunni árið 2006 voru kr. 66.596.000,-. Arður sem greiddur er til um 750 landeiganda og ábúenda á Austurlandi, var kr. 56.873.400,- eða um 85% af heildartekjum. Hlutur Umhverfisstofnunar vegna umsýslu var kr. 7.004.600,- og Náttúrustofu Austurlands vegna vöktunar kr. 2.718.000,-

Veiðikvótinn fyrir árið 2006 var samtals 909 dýr. Heimilt var að byrja tarfaveiðar 15. júlí en veiðar á kúm byrjuðu 1. ágúst eins og áður. Veiðitímabilinu lauk svo eins og undanfarin ár 15. september.

Í heildina gengu veiðarnar vel og voru 906 fullorðin dýr felld, 473 tarfar og 433 kýr. 131 kálfur var felldur sem er 30 kálfum meira en tímabilið 2005. Á tímabilinu voru því felld vel yfir 1000 hreindýr. Þoka tafði fyrir veiðum á fjarðasvæðunum og einnig á sv. 8. og 9. Vel gekk þó að veiða á svæði 8 og það var fyrsta svæðið sem kvótinn kláraðist á. Á svæði 2 flökkðu dýrin eins og vanalega eftir veðrinu og á tímabili voru þau öll komin yst í Jökuldalsbrúnirnar. Lítið var af dýrum á Vesturöræfum á veiðitíma og engin dýr á Múla. Á svæði 6 sáust fáar kýr og var kvóti þeirra kláraður á sv. 2 í lokin (þrjár kýr), nokkur hluti tarfanna veiddist á skörunarsvæðinu við sv. 2. Á veiðisvæði 4 gekk erfiðlega að finna dýrin eins og venjulega en þó náðust allra kýrnar og flestar þeirra í Seyðisfirði en þar var ekki heimilt að veiða tarfa þetta árið. Á svæði 3 var orðið lítið um góða tarfa í lok veiðitíma en þar gekk í heild vel að veiða. Á svæði 5 voru dýrin aðallega veidd úr Sandvíkurhjórdinni sem og mikið af þeim í Viðfirði. Á svæði 7 þurftu menn að leita lengra eftir dýrunum og virtust þau halda sig lengra frá byggð en oft áður.

Tölur í svigum eiga við sv. 1.

Svæði	Veiðikvóti 2006		Felld dýr 2006		
	Kýr	Tarfar	Kýr	Tarfar	Kálfar
1 og 2	281(5)	269(50)	281(5)	269(79)	83(1)
3	20	24	20	24	4
4	19	0	19	0	3
5	30	50	30	50	9
6	11	38	11	38	4
7	32	60	32	58	12
8	20	20	20	20	10
9	21	14	20	14	6
Samtals:	434	475	433	473	131
	909		906		

Veiðistjórnunarsvið

Norðausturskrifstofa

Borgir við Norðurslóð

IS - 600 Akureyri

(+354) 460 7900

veidistjorn@ust.is

www.ust.is, www.veidistjori.is, www.hreindyr.is

Hvernig dreifast veiðarnar á veiðitímabilinu?

Ef skoðuð er eftirfarandi tafla um það hvenær á veiðitímanum dýrin eru veidd þá er það athyglisvert að 616 dýr af 906 dýrum eru felld síðustu fjórar vikur veiðitímans þ.e frá 19. ágúst til 15. september, þetta eru um 68% af öllum felldum dýrum sem er 4% minna en 2005 þannig að menn hafa veitt aðeins meira af kvótanum fyrstu fimm vikurnar. Um 40 tarfar voru felldir í júlí sem er svipað og árið áður. Ljóst er að veiðiálag á þeim svæðum þar sem flest dýrin eru veidd er mjög mikið á seinni hluta veiðitímans og rétt er að beina því til veiðimanna og leiðsögumanna að nýta allt veiðitímabilið betur, sérstaklega fyrstu tvær vikur ágústmánaðar. Á næsta veiðitímabili er kvótinn mun stærrí á svæði 1 og 2 þannig að þar gætu skapast veruleg vandræði ef veiðimenn fara ekki fyrr á stað og ef veðurfar yrði óhagstætt í lok veiðitímans.

Veiðitímabil	Dagsetn:	Fjöldi felldra:	% af heild
1. vika	15.7 - 21.7	18(8)	2,0
2. vika	22.7 - 28.7	19(31)	2,0
3. vika	29.7 - 04.8	36(31)	4,0
4. vika	05.8 - 11.8	92(62)	10,2
5. vika	12.8 - 18.8	117(70)	12,9
6. vika	19.8 - 25.8	181(149)	20,0
7. vika	26.8 - 01.9	116(142)	12,8
8. vika	02.9 - 08.9	184(150)	20,3
9. vika	09.9 - 15.9	135(106)	14,9
	Ekki vitað	8(5)	0,9
		906(754)	

Tölur í sviga í eiga við tímabil 2005

Hvaðan koma veiðimennirnir?

Fjöldi erlendra veiðimanna 2003 -2006

Svæði	2006	2005	2005	2004	2003
1		0	6	1	0
2	15	16	13	5	14
3					
4					
5	1	1		1	
6			2		
7					
8					
9					
Alls	16	17	21	7	14

Skipting veiðimanna eftir landshlutum 2007

Hvaðan?	Fjöldi	% af heild
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	536	59,1%
Vesturland og Vestfirðir	58	6,5%
Norðurland	101	11,1%
Austurland	133	14,7%
Suðurland og Vestmannaeyjar	58	6,4%
Útlönd	20	2,2%
Samtals.	906	100%

Aldurssamsetning og fl.

Konur í veiðimannahópnum voru 14 og voru sjö þeirra við veiðar á sv. 1 og 2, ein á svæði 3, ein á svæði 6, þrjár á svæði 7, ein á svæði 8 og ein á svæði 9. Fjölgun um þrjár frá árinu á undan. Karlar á veiðum voru því 892.

Elsti veiðimaðurinn var 82 ára og sá yngsti 21 árs. Aldursdreifing veiðimanna var sem hér segir:

Svæði	21 - 40 ára	41 - 60 ára	61 og eldri
1	29	51	4
2	171	264	31
3	18	22	4
4	8	10	1
5	38	38	4
6	22	26	1
7	54	35	1
8	17	23	0
9	18	16	0
Alls	375	485	46

Fjöldi leiðsögumanna að störfum

Alls fóru 78 leiðsögumenn með veiðimenn á veiðar veiðitímabilið 2006. Þó nokkrir fóru með einn veiðimann en þeir sem fóru með flesta til veiða leiðsögðu yfir 50 veiðimönnum. Hér má sjá töflu sem sýnir þann fjölda leiðsögumanna sem var virkur á hverju veiðisvæði, hafa ber í í huga að margir leiðsögumenn hafa leyfi til að leiðsegja á mörgum mismunandi veiðisvæðum.

Svæði	Fjöldi
1	12
2	44
3	10
4	7
5	9
6	13
7	13
8	8
9	6

Veiðistjórnunarsvið

Norðausturskrifstofa

Borgir við Norðurslóð

IS - 600 Akureyri

(+354) 460 7900

veidistjorn@ust.is

www.ust.is, www.veidistjori.is, www.hreindyr.is

Þyngd felldra dýra 2006

Eftirfarandi töflur gefa nokkra mynd af þyngd dýranna sem felld voru 2006. Ekki eru til vigtartölur yfir öll veidd dýr. Á sumum svæðum t.d. sv. 8 og 9 eru mjög fá dýr vigtuð í heilu lagi og oftast en ekki eru menn að giska á þyngdina þar sem hluta þarf dýr í sundur til að koma þeim til byggða þannig að ekki skal taka þessum tölum sem fullkomnum tölfræðisannleik um þyngd dýranna.

Þyngd felldra hreintarfa 2006

Svæði:	Meðaltal	Þyngstur	Léttastur
1 og 2	82,8	116	40
3	85,1	100	50
4	0	0	0
5	89,2	108	67
6	91,7	133	70
7	88,9	111	70
8	83,2	99	65
9	92,5	115	65

Þyngd felldra hreinkúa 2006

Svæði:	Meðaltal	Þyngst	Léttust
1 og 2	39,0	59	26
3	43,0	55	34
4	47,0	55	41
5	43,6	60	35
6	42,5	51	34
7	41,0	52	32
8	40,6	55	26
9	44,5	55	35

Veidistjórnunarsvið

Norðausturskrifstofa

Borgir við Norðurslóð

IS - 600 Akureyri

(+354) 460 7900

veidistjorn@ust.is

www.ust.is, www.veidistjori.is, www.hreindyr.is

Byssur og skotfæri

Helstu riffilstærðir sem notaðar voru 2006 og samanburður við fyrri ár.

Kaliber	2006		2005		2004	
	Fjöldi	% hlutfall	Fjöldi	% hlutfall	Fjöldi	% hlutfall
243 Win	210	23,18	175	23,20	154	29,95
6,5x55	173	19,09	125	16,57	115	15,65
308 WIN	119	13,13	105	13,92	77	10,48
270 WIN	82	9,05	62	8,22	48	6,53
7 mm - Rem Mag	71	7,84	55	7,29	84	11,43
300 WIN MAG	38	4,19	50	6,63	20	2,72
30-06	40	4,42	49	6,49	52	7,07
6,5x284	37	4,08	40	5,30	37	5,03
7mm -08Rem	26	2,87	28	3,71	48	6,53
7x64	7	0,77	6	0,79	13	1,77
6,5x06	6	0,66	6	0,79		
6,5x68	2	0,22	4	0,53		
6,5x57	2	0,22	3	0,39		
300 WEATHERBY	1	0,11	3	0,39		
7mm STW	1	0,11	3	0,39		
25-06	2	0,22	2	0,26		
300 H&H	1	0,11	2	0,26		
300 REM UM	3	0,33	2	0,26		
300 WSM	1	0,11	1	0,13		
338 WM	2	0,22	1	0,13		
6mm Rem	3	0,33	1	0,13		
Annað og óvíst	79	8,72	39	5,17	87	11,84
	906		754		735	

Helstu kúlugerðir sem notaðar voru 2006 og samanb. við 2005

Kúlugerð	2006	% af felldum	2005	% af felldum
Sierra Gameking	154	17,00	184	24,40
Nosler BallisticTip	166	18,32	149	19,76
Nosler Partition	94	10,37	79	10,47
Norma Oryx	42	4,63	48	6,36
Nosler AccuBond	36	3,97	32	4,24
Lapua Mega	28	3,09	30	3,97
Hornady InterBond	9	0,99	11	1,45
Sierra Spitzer	15	1,65	11	1,45
Speer Grand Slam	12	1,32	9	1,19
Rem exp. CoreLokt	19	2,10	8	1,06
Rem premier Boat tail	6	0,66	8	1,06
Sako Gamehead	13	1,43	8	1,06
Swift Scirocco	6	0,66	7	0,92
Sako Racehead	0	0	5	0,66
Sierra Prohunter	0	0	3	0,40
Norma Antik	4	0,44	2	0,26
Barnes X	5	0,55	2	0,26
CT Fail Safe	2	0,22	1	0,13
Lapua Scenar	1	0,11	1	0,13
RWS Soft Point	0	0	1	0,13
Sako Hammerhead	7	0,77	1	0,13
Sierra HP	12	1,32	1	0,13
Annað og óvíst	272	30,02	153	20,29
	906		754	100%

Veidistjórnunarsvið

Norðausturskrifstofa

Borgir við Norðurslóð

IS - 600 Akureyri

(+354) 460 7900

veidistjorn@ust.is

www.ust.is, www.veidistjori.is, www.hreindyr.is

Helstu kúlupyndir sem notaðar voru 2006 og samanb. við 2005 og 2004

	2006		2005		2004	
Kúlupyngd:	Fjöldi	% hlutfall	Fjöldi	% hlutfall	Fjöldi	% hlutfall
95 grain	8	0,88	4	0,53	5	0,68
100 grain	203	22,40	179	23,74	147	20,00
115 grain	4	0,44	1	0,13	37	5,03
120 - 125 grain	172	18,98	157	20,83	134	18,23
130 grain	60	6,62	45	5,97	20	2,72
135 - 140 grain	109	12,04	92	12,20	109	14,83
145 grain	3	0,33	6	0,80	29	3,95
150 grain	117	12,91	114	15,12	71	9,66
156 grain	9	0,99	7	0,93	5	0,68
160 grain	9	0,99	9	1,19	10	1,36
165 grain	22	2,44	17	2,25	17	2,31
180 grain	15	1,66	27	3,58	33	4,49
Annað og óvíst	175	19,32	96	12,73	118	16,05
	906	100%	754	100%	735	100%

Hvar voru dýrin felld?

Eftirfarandi tafla sýnir á hvaða jörðum flest hreindýr voru felld veiðitímabilið 2006. Um 138 veiðileyfum var skilað inn án GPS punkta þetta árið (15,23%) en árið 2005 voru þau 108 eða 14,32%.

Nafn jarðar	Felld dýr: 2006
Valþjófsstaður	154
Skriðuklaustur	46
Teigarsel	39
Klaustursel	28
Brú	19
Viðfjörður	17
Flatey	15